

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 67/1995.

M

gegn

K

Kærumál. Börn. Bráðabirgðaforsjá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. febrúar 1995, sem barst réttinum 28. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. febrúar sl. um bráðabirgðaforsjá með börnum málsaðila. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér verði úrskurðuð bráðabirgðaforsjá allra barna þeirra, en til vara, að sóknaraðila verði úrskurðuð bráðabirgðaforsjá tveggja drengjanna. Til þrautavara krefst sóknaraðili þess, að sér verði úrskurðuð bráðabirgðaforsjá yngsta drengsins. Loks krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur var varnaraðila úrskurðuð bráðabirgðaforsjá með fjórum börnum hennar og sóknaraðila. Var úrskurðurinn kveðinn upp í tengslum við forsjárdeilumál aðila, sem til meðferðar er í sama dómi, og bindur hann ekki hendur dómara málsins við úrlausn þess. Málatilbúnaður aðila styðst við barnalög nr. 20/1992.

Samkvæmt 58. gr. laga nr. 20/1992 fer um rekstur mála vegna forsjár barna að hætti einkamála, nema um frávík sé mælt í lögum. Sóknaraðili hefur ekki í kæru sinni til Hæstaréttar vísað til kæruheimildar. Kæra á úrskurði héraðsdóms er ekki heimil samkvæmt 143. gr. laga nr. 91/1990 um meðferð einkamála, og ekki er að finna sérstaka kæruheimild í lögum nr. 20/1992. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
